

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað um viðauka 7 við fjárhagsáætlun 2022

Dags: 1. desember 2022

Málsnúmer: 202105196/2.5

Starfsmaður: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki viðauka 7 við fjárhagsáætlun ársins 2022. Viðaukinn felur í sér að framlög til Strætó bs. hækka um kr. 28.324.643, framlög til Skálatúns hækka um kr. 164.236.000, tekjur frá Jöfnunarsjóði hækka um kr. 91.000.000 og áætlaðar tekjur af útsvari hækka um kr. 101.560.643. Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjármögnun.

Greinargerð:

Á 1551. fundi bæjarráðs þann 6. október sl. var samþykkt undir máli „202209530 – Erindi Strætó bs. til sveitarfélaga vegna aukinna fjárframlaga.“ að fjárframlag til Strætó bs. fyrir árið 2022 verði hækkað um kr. 28.324.643 í samræmi við tillögu eigendafundar Strætó bs. Er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárhagsáætlun:

Framlög til Strætó bs. á deild 10710-4140 hækka um kr. 28.324.643.

Á 1540. fundi bæjarráðs þann 29. júní sl. var samþykkt undir máli „202206678 – Framtíðar–skipulag Skálatúns“ að veita kr. 55.000.000 viðbótarframlag til að leysa bráðavanda Skálatúns sem verði hluti af uppgjöri Skálatúns við fyrirhugaða yfirtöku Mosfellsbæjar á starfseminni. Fjármálastjóra falið að undirbúa viðauka við fjárhagsáætlun til samræmis við það, samhliða viðauka vegna breytinga á uppfærðu skiptihlutfalli framlags frá sjóðnum. Er lagt til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á fjárhagsáætlun:

Tekjur vegna framlaga frá Jöfnunarsjóði á deild 00110-0148 hækka um kr. 91.000.000 í samræmi við greiðslu framlaga frá sjóðnum.

Framlög til Skálatúns á deild 02500-9160 hækka um kr. 91.000.000 í samræmi við greidd framlög frá sjóðnum.

Framlög til Skálatúns á deild 02500-9160 hækki um kr. 73.236.000 vegna breytinga á uppfærðu skiptihlutfalli framlags frá sjóðnum.

Í ljósi þess að tekjur af útsvari verða hærri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun er lagt til að aukningu útgjalda umfram tekjur kr. 101.560.643 (28.324.643+73.236.000) verði mætt með hækkun tekna af útsvari á deild 00010-0020. Nettó áhrif þessara breytinga eru engin á rekstrarniðurstöðu eða fjármögnun.

Virðingarfyllt,
Pétur Jens Lockton
fjármálastjóri

Fylgiskjal:

1. Samantekt EFS